

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Stokkseyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

- | | | |
|-----|--|--------------------------------|
| 11. | Til almennrar lýsingar um kwst.mæli: | |
| | a. Mælisleiga samkvæmt kafla II. | |
| | b. Orkugjald | 10.60 kr./kwst. |
| 12. | Til almennrar lýsingar um kwst.mæli: | |
| | a. Mælisleiga samkvæmt kafla II. | |
| | b. Fastagjald af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal, mælt innan útveggja: | |
| | Fyrir húðir, vinnustofur og skrifstofur | 53.00 kr./m ² /ári. |
| | Fyrir geymslur og ganga þeim tilheyrandi | 21.00 kr./m ² /ári. |
| | c. Orkugjald | 3.10 kr./kwst. |
| 13. | Til götulýsingar um kwst.mæli: | |
| | a. Mælisleiga samkvæmt kafla II. | |
| | b. Orkugjald | 3.10 kr./kwst. |
| 14. | Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli: | |
| | a. Mælisleiga samkvæmt kafla II. | |
| | b. Orkugjald | 5.30 kr./kwst. |

B. Almenn heimilisnotkun o. fl.

- | | | |
|-----|--|-----------------|
| 21. | Til heimilisnotkunar um kwst.mæli: | |
| | a. Grunnjald | 222.00 kr./ári. |
| | b. Orkugjald | 2.30 kr./kwst. |
| | c. Fastagjald af hverju herbergi | 222.00 kr./ári. |

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö, þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

- | | | |
|-----|---|----------------|
| 22. | Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum, sjúkrahúsum og öðrum slíkum stöðum, enda séu tæki fasttengd, um kwst.mæli: | |
| | a. Mælisleiga samkvæmt kafla II. | |
| | b. Orkugjald | 2.30 kr./kwst. |

C. Vélanotkun.

- | | | |
|-----|--------------------|-----------------|
| 31. | Um kwst.mæli: | |
| | a. Grunnjald | 474.00 kr./ári. |
| | b. Orkugjald | 5.30 kr./kwst. |

Hafi vélarinnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds 1035.00 kr./kw. í málraun véla.

Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til lýsingar og reiknast þá að auki fermetragjald af gólfleti, reiknað eftir sömu reglum og gilda um líð 12, þriðjungi lægri.

32. Um afl og orkumæli (mestaafismæli):
- | | |
|---|-------------------|
| a. Grunnjald | 2 994.00 kr./ári. |
| b. Aflgjald af notuðu afli, lág. 2 kw. | 2 994.00 kr./ári. |
| c. Orkugjald | 0.70 kr./kwst. |

Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12 og lágmarksaflgjald sem svarar 20 kw.

33. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig um kwst.mæli:
- | | |
|---|-------------------|
| a. Grunnjald | 2 994.00 kr./ári. |
| b. Fastagjald miðað við málraun véla, lág. 2 kw. | 2 382.00 kr./ári. |
| c. Orkugjald | 0.70 kr./kwst. |

34. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli:
- | | |
|--------------------|-----------------|
| a. Grunnjald | 474.00 kr./ári. |
| b. Orkugjald | 2.30 kr./kwst. |

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við að fasviksstuðull tækja hjá notanda, t. d. rafsuðuspenna, sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, getur rafveitan krafizt þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Rafveitustjóri getur bannað rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

D. Hitun.

41. Til húshitunar, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 1½ klst. í senn, um kwst.mæli:
- | | |
|----------------------------------|----------------|
| a. Mælisleiga samkvæmt kafla II. | |
| b. Orkugjald | 0.60 kr./kwst. |
42. Til húshitunar í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9 um kwst.mæli:
- | | |
|----------------------------------|----------------|
| a. Mælisleiga samkvæmt kafla II. | |
| b. Orkugjald | 0.40 kr./kwst. |
43. Til húshitunar og hitunar í vatnsgeymum og gufuköttlum, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, um kwst.mæli:
- | | |
|----------------------------------|----------------|
| a. Mælisleiga samkvæmt kafla II. | |
| b. Orkugjald | 1.40 kr./kwst. |
44. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, í 12 klst. á tímanum frá kl. 20 til 10, um kwst.mæli:
- | | |
|----------------------------------|----------------|
| a. Mælisleiga samkvæmt kafla II. | |
| b. Orkugjald | 0.70 kr./kwst. |

45. Sameina má gjaldskrárliði 43 og 44 og selja um tvígjaldsmæli.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði:

Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 kwst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.

c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 11. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 1550.00 á ári. Skal mismunur á ársnotkun og lægsta gjaldi, ef einhver er, innheimtur á fyrra ársheimtunni næsta árs.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum 30 A og minni 174.00 kr./ári.
2. Af þrífasa kwst.mælum 50 A og minni 306.00 kr./ári.
3. Af þrífasa kwst.mælum yfir 50 A og til 100 A 426.00 kr./ári.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, enn fremur klukkurofum, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og skal greiða heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur stofnvara		Hámarks- afl KVA	Heimtaugar- gjald Kr.	Yfirlengdargjald	
220 V kerfi Amp.	380 V kerfi Amp.			Jarðstrengur Kr./m	Loftlína Kr./stólpa
2 × 60	1 × 60	13	8 395	437	6 695
3 × 60	2 × 60	22	11 678	489	7 995
3 × 100	3 × 60	38	17 520	569	9 125
	3 × 100	66	28 773	719	10 580
3 × 200		75	31 027	765	
3 × 350	3 × 200	132	51 830	1 070	
		150 sp.	58 403	*)	
	3 × 350	231	87 970	1 385	
		300 sp.	113 154	*)	
		500 sp.	186 156	*)	

Umfrangjald vegna stærðar lóðar reiknast fyrir bæði jarðstrengs- og loftlínuheimtaug kr. 2.90 á hvern m² umfram 800 m².

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður

*) Greiðist samkvæmt kostnaði.

dreginn í. Sé jarðstrengsheimtaugin lögð frá loftlinu (samkvæmt ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlinustólpa að varkassa, en þveri heimtaugin akbraut skal breidd akbrautar dregin frá.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 amp., einfasa	kr. 2 200.00
60 amp., þrífasa	— 3 000.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandinn greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti, vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi, þó aldrei meiri frádráttur en heimtaugargjaldinu nemur.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt að fullu, þegar sótt er um heimtaug.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun krónur 230.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt krónur

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 15%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins. Enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Stokkseyrar, nr. 51 6. marz 1970.

Iðnaðarráðuneytið, 30. október 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.